

Ed.

135. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að sett verði á stofn í Vestmannaeyjum útbú frá Landsbanka Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir atbugað tillögu þessa. Var nokkur hluti hennar í efa um það í fyrstu, hvort rjett væri að samþykkja tillögu þessa, þar sem bankinn hefir fult vald til þess, með samþykki stjórnarinnar, að setja á stofn útbú þar sem brýn nauðsyn ber til, þegar peningahagur hans leyfir, og þar sem sömu nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að þingið eigi helst ekki að blanda sjer inn í þau mál, sem eru innan verkahringis bankans sjálfs. Tveir bankastjórar Landsbankans hafa líka lýst því yfir við nefndina, að þeir vildu setja á stofn útbú þar sem þeir álitu þau nauðsynleg, þegar þeir sæju bankanum það fært, og bankastjórnin virtist vera sammála nefndinni í því, að nauðsynin væri tæpast neinstaðar brýnni en í Vestmannaeyjum nú þegar.

Nú hefir komið til orða, að Íslandsbanki setti þetta eftirþráða útbú á stofn, og hafði nefndin því til sönnunar í höndunum brjef frá stjórn þess banka, þar sem hún segir, að það sje og hafi verið tilætlun Íslandsbanka að setja á stofn bankaútbú í Vestmannaeyjum, svo fljótt sem kringumstæður leyfi.

Brjef þetta var lesið upp fyrir stjórn Landsbankans og hafði hún ekkert við það að athuga, en kvað svo mikla þörf á útbúum víðar, og því meira en nóg við fje bankans að gera, að þótt þetta umrædda útbú færi í hendur hins bankans, vildi hún ekki fara í neitt kapplaup um að setja það á stofn.

En þar sem allri nefndinni er það ljóst, að Vestmannaeyingar þarfnast bankaútbús, og það sem allra fyrst, og með því, að tveir nefndarmennirnir vilja ekki staðhæfa það, að svona þingsályktunartillaga herði eigi á framkvæmd málsins hjá öðrum hvorum bankanum, en einn vill eindregið fá hana samþykta, þá varð það að samkomulagi hjá nefndarmönnum að fylgja fram tillögunni, þannig

að hún kæmi ekki til framkvæmda, ef Íslandsbanki vildi setja útbúið á stofn innan skamms.

Nefndin ræður því hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja tillöguna með eftirfarandi

VIÐAUKA- OG BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Aftan við tillöguna bætist:

Svo framarlega sem Íslandsbanki gerir það ekki innan hæfilegs tíma.

2. Fyrir orðið »útbú« á tveim stöðum komi:
útbú.

Alþingi, 14. maí 1918.

Guðjón Guðlaugsson,
form. og ritari.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskr.

Magnús Torfason.